



Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 19.11. 2003

Dingsályktunartillaga um raforkukostnað fyrirtækja, 8. mál

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að ríkisstjórnin skipi nefnd sem fari yfir gjaldskrár orkuveitna og kanni hvort raforkukostnaður fyrirtækja sé mismikill eftir því hvaða orkuveita þjónar þeim. Komist nefndin að því að orkuverð fyrirtækja sé mishátt eftir orkuveitum er henni falið að meta hvort mismunun fyrirtækja eftir því hvar þau eru á landinu skekki samkeppnisstöðu þeirra.

Samtök atvinnulífsins sjá ekki tilganginn með skipun opinberrar nefndar sem hafi umrætt verkefni. Upplýsingar um gjaldskrár dreifiveitnanna liggja opinberlega fyrir, t.d. á vefsvæði Samorku, og þar kemur í ljós að þær eru mismunandi. Almenn gildir að verðið er hæst þar sem dreifingarkostnaðurinn er mestur. Í samanburði Samorku kemur t.d. í ljós að Hitaveita Suðurnesja býður lægstu verðin, bæði heimilum og stærri notendum, og hlýtur sá afmarkaði þáttur samkeppnisstöðu fyrirtækja sem ræðst af orkuverði að vera bestur á Suðurnesjum en lakari annars staðar á landinu.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að nefnd er að störfum í samræmi við bráðabirgðaákvæði VII við raforkulög nr. 65/2003 sem skal gera tillögu um fyrirkomulag flutnings raforku, þ.m.t. um stærð flutningskerfisins og með hvaða hætti jafna eigi kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku.

Samtök atvinnulífsins mæla því gegn samþykkt umræddrar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri